

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. ágúst 2007 í máli nr. S-1013/2007:

Ákærvaldið

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir fulltrúi*)

gegn

X

(*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.*)

Mál þetta sem dómtekið var þann 9. ágúst sl., er höfðað með ákæru útgefni af Ríkissaksóknara 12. júlí sl., á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...], fyrir eftirgreind brot framin í Reykjavík árið 2007 nema annað sé tekið fram:

1. Fyrir þjófnað með því að hafa að morgni fimmtudagsins 7. desember 2006 stolið 12 kg af Nóa konfekti að verðmæti kr. 20.748 úr vörumóttöku verslunarinnar Bónus, Iðufelli 2.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa að morgni sunnudagsins 1. apríl, er lögregla hafði afskipti af ákærða að Blöndubakka 10, haft í vörslum sínum 3 töflur af vímuefninu MDMA.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

3. Fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 14. apríl reynt, í félagi við tvo aðra menn, að brjótast inn í myndbandaleiguna Bónusvídeó, Laugalæk 2, í því skyni að stela verðmætum, en ákærði og samverkamenn hans hurfu af vettvangi þegar öryggiskerfi verslunarinnar fór í gang.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og tilraun til ráns með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 27. apríl við Stakkholt slegið leigubifreiðastjóran Björn Sveinsson, kt. [...], tvisvar í höfuðið með klaufhamri og reynt að neyða út úr honum

peninga, en Björn komst undan ákærða án þess að láta af hendi fjármuni. Við árásina hlaut Björn skurð hægra megin á hnakka og sár hægra megin á höfði rétt ofan ennis með undirliggjandi broti á höfuðkúpu og innanbastsblæðingu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. og 252. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

5. Fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot með því að hafa að morgni föstudagsins 27. apríl, í Sundhöll Reykjavíkur við Barónsstíg, spennt upp skáp í búningsklefa laugarinnar og stolið þaðan kveikjulaslyklum að bifreiðinni AN-098, leðurbuddu með smámynt og armbandsúri, allt í eigu Þórarins Dúa Gunnarssonar, og því næst tekið bifreið Þórarins, AN-098 af gerðinni Nissan X-Trail, ófrjálsri hendi þar sem hún stóð á bifreiðstæði við Sundhöllina og ekið henni að heimili sínu við Langholtsveg 48 án þess að hafa öðlast ökuréttindi og svo óvarlega að hann ók niður götuvita á Sæbraut við Klettagarða, auk þess sem ákærði var undir slævandi áhrifum klónazepams (Rivotril®) við aksturinn og í þvagi hans mældist metýlfenídat og tetrahydrókannabínólsýra í kjölfar akstursins, en þau efni eru ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði og af þeim sökum telst ákærði hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Telst þetta varða við 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. og 2. mgr. 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með áorðnum breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.”

Málavextir

Ákærði hefur játað sök að því er tekur til ákæruliða 1–3 og 5. Hefur hann orðið sekur um verknaði þá sem þar er lýst og réttilega eru þar færðir til refsíákvæða.

Að því er tekur til ákæruliðar 4 segir ákærði hann réttan að öðru leyti en því að hann kveðst ekki hafa ætlað að ræna Björn Sveinsson þegar hann réðst á hann.

Fyrir liggur að ákærði og A tóku sér far með leigubíl frá bensinstöðinni N1 í Lækjargötu í Hafnarfirði, aðfaranótt föstudagsins 27. apríl sl., og létu aka með sig að Stakkholti í Reykjavík. Sat ákærði í aftursæti en A í framsætinu. Báðir voru þeir félausir. Þegar bíllin hafði numið staðar, um kl. 02.15, sló ákærði bílstjóran, Björn Sveinsson, tvisvar með klaufhamri í höfuðið. Ákærði og A stigu út úr bílnum og hið sama gerði Björn, þótt vankaður væri. Ákærði og A hurfu á braut en lögregla og sjúkralið komu á staðinn eftir að tilkynnt hafði verið um atburðinn til lögreglunnar. Var Björn fluttur á slysadeild Fossvogs-spítala og þar gert að meiðslum hans. Er þeim lýst svo í læknisvottorði að framantil á höfðinu, hægra megin og rétt ofan ennis, hafi verið höggvið sár, sem gæti verið eftir haus á hamri. Þá hafi verið um 3 cm skurður á hnakka. Þá segir þar að maðurinn hafi verið með ógleði og höfuðverk og fljótlega fengið krampa. Við sneiðmyndatöku hafi komið í ljós innkýlt brot undir sárinu við ennið og einnig innanbastsblæðing. Hafi þetta verið alvarlegur áverki og maðurinn þegar verið settur í aðgerð.

Í málinu er einnig aðgerðarlýsing Garðars Guðmundssonar heila- og taugaskurðlæknis. Segir þar svo: „Aðfaranótt 27.04.2007 kemur leigubílstjóri á slysadeild, sem hefur orðið fyrir líkamsárás. Telur sjálfur að hann hafi verið barinn í höfuðið með hamri. Hann krampar endurtekið. Fer í CT af höfði sem sýnir innkýlt brot, aftarlega hátt uppi frontalt hæ. megin, með brotlínur sem ganga niður á basis. Brotsprunga aftur á við líka frá þessu innkýlda broti og epidural hematoma undir. Við skoðun á húðinni er hann með sem sagt höggssár yfir þessum áverka, sem nær í gegnum húðþykktina og svo annað fyrir aftan eyrað hæ. megin sem líka nær í gegnum húðþykktina en hefur ekki náð að brjóta beinið. Hann keyrist til aðgerðar.

Aðgerðarlýsing

Hann hefur fengið sýklalyf og er nú svæfður, intuberaður og með magasondu. Með höfuðið á grjónapúða og hæ. vanga upp, raka ég mest allt hár af höfðinu hæ. megin. Opna síðan með bogalaga skurði frontalt aftur á við og niður fyrir framan hæ. eyrað og fletti húðinni fram. Sjáum nú innkýlda brotið en það er vöðvi yfir því þannig að ég lít ekki svo á að þetta sé contaminerað brot. Fletti temporalis-vöðvanum fram á við og set í sjálfhaldandi haka. Sé innkýlda brotið og set nú borholu fyrir aftan það, nærri basis og saga út allt brotið þannig að ég get lyft því í einu lagi. Smá vætl þarna undir en ekkert stærra epidural hematoma. Það hreinsast og Surgicel sett þarna undir og verður næstum haemostasi. Duran er mjúk og ekki grunur um stærra hematoma þarna undir, þannig að hún er ekki opnuð.

Nú nota ég Lexcel og hamar til að rétta úr brotunum og þegar þau eru í flukti þá festi ég brotin með 3 craniofix klemmum í defectinn og síðan blanda ég beinmylsnu og Tisseal saman og set í skarð meðfram beinflekanum. Þannig að þetta lítur þokkalega út. Síðan set ég temporalis-vöðvann yfir og sauma hann að aftanverðu og síðan loka ég húðinni með stökum saumum í undirlag og hefti í húð. Rofið í húðinni yfir brotinu hafði ég lokað að innanverðu með Vicry-saumum og síðan heftum að utanverðu. Að lokum skolum við sárið aftan við eyrað og heftum það saman. Björn flyst á gjörgæslu og verður vakinn þar.“

Ákærði neitaði því í lögregluskýrslu sem tekin var 27. apríl að hafa ætlað að ræna bílstjórann eða að hafa heimtað af honum peninga. Kvaðst hann hafa fyllst skelfingu þegar bílstjórinn læsti bílnum á áfangastað. Áréttaði hann þetta í lögreglu-skýrslu 7. maí sl. og sagði þá einnig að hann myndi ekki eftir því að hafa verið að ræða um það nokkrum dögum fyrr við þá B og A að ræna leigubílstjóra.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af A kl. 15.30, 27. apríl sl., var haft eftir honum að ákærði hefði slegið bílstjórann tvisvar í höfuðið og svo heimtað af honum peninga. Ákærði hefði áður verið búinn að tala um að ræna allt og alla og verið í vímu af rivotril-töflum. Hann hefði þó ekki talað um að ræna þennan tiltekna bílstjóra þegar þeir settust í bílinn. Þá hefði hann talað um að hann væri með peninga fyrir ökugjaldinu. Þá sagði hann í skýrslu daginn eftir að nokkrum dögum fyrr hefði ákærði verið að tala um að ræna leigubílstjóra. Kvaðst hann hafa aftekið þetta og minnti hann að hið sama hafi gert B, sem hafi verið með þeim.

Í skýrslu sem tekin var af B 27. apríl sl. var haft eftir honum að nokkrum dögum fyrr atburðinn hefðu þeir þrír verið saman og þá hefðu þeir hinir verið að

ræða um að ræna leigubílstjóra. Kvaðst B hafa aftekið að eiga þátt í slíku og því hafi ekkert orðið úr þessu.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram er komið í málinu fyrir dómi.

Ákærði neitar því, eins og fyrr segir, að hafa ætlað að ræna leigubílstjóranum. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum fíkniefna og ekki muna mjög vel eftir atvikum. Hann segir ætlunina hafa verið að stinga bílstjóranum af án þess að greiða leigugjaldið þegar þeir væru komnir niður í bæ. Hann kveðst svo hafa fengið „einhverja paranoju“ yfir sig þegar þangað kom og fundist eins og bílstjórinn ætlaði ekki að leyfa þeim að fara og hringja á lögregluna en hjá lögreglu sagði hann að bílstjórinn hefði þegar hér var komið læst öllum hurðum bílsins. Hann kveðst þá hafa slegið til bílstjórans eins og lýst sé í ákærinni. Ákærði segir það rangt að hann hafiheimtað peninga af leigu-bílstjóranum og segist hann muna þetta fyrir víst. Hann neitar því að hafa, nokkrum dögum áður, verið búinn að ræða við þá A og pilt að nafni B um að ræða leigubílstjóra, eins og fram hafi komið hjá þeim. Hann segist hafa hirt hamarinn úr bíl á Strandgötu á leið sinni á bensinstöðina. Hafi hann ekki stolið hamrinum af neinni sérstakri ástæðu, heldur bara til þess að taka eitthvað. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa sagt það sem haft er eftir honum hjá lögreglu að hafa tekið hamarinn til þess að verja sig fyrir innheimtumönnum fíkniefnasala. Segist hann enda hafa verið undir fíkniefnaáhrifum þegar hann gaf skýrsluna og ekkert muna eftir henni. Þá segir hann það aldrei hafa hvarflað að sér að ræna leigubílstjóra.

Björn Sveinsson leigubifreiðarstjóri hefur komið fyrir dóm og sagt að rétt áður en komið var á áfangastað hafi piltarnir spurt hvort hann væri með „posa“. Kveðst hann svo hafa verið að setja bílinn í „parkinn“ eftir að hafa numið staðar þegar hann hafi skyndilega fengið á sig högg. Hafi hann spurt piltinn hvað hann væri að gera og svo komið sér út úr bílnum þótt hann væri vankaður. Pilturinn sem hafi setið frammi í hafi ekkert haft sig í frammi og horfið á braut en hinn pilturinn hafi gert sig líklegan að fara á eftir honum. Kveðst hann hafa spurt piltinn hvað hann væri að gera en pilturinn þá svarað: „Þegiðu og komdu með peningana, helvítis fíflíð þitt“, eða eitthvað í þá veru. Hann segist svo hafa komist á brott frá piltinum. Hann segist hafa orðið fyrir minnisskerðingu af þessum áverka og einnig fái hann höfuðverk og svima annað veifið. Treysti hann sér ekki til þess að aka með farþega af þessum sökum.

A hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að þeir ákærði hafi ætlað sér að „stinga bílinn af“ þegar komið væri á áfangastað. Segir vitnið að bílstjórinn hafi líklega vitað að þetta stæði til því hann hafi gripið í vitnið þegar það ætlaði að fara úr bílnum. Hafi ákærði þá slegið bílstjóranum í höfuðið. Annars segist vitnið lítið muna eftir þessum atvikum vegna vímuefnaáhrifa. Hann kveðst ekki hafa vitað að ákærði væri með hamar á sér. Hann kveðst ekki minnast þess að ákærði hafi heimtað peninga af leigubílstjóranum. Þegar honum er bent á að hann hafi sagt í lögregluskýrslu að hann minnti að ákærði hefði heimtað peninga af bílstjóranum segist hann hafa verið ruglaður í yfirheyrslunum hjá lögreglu eftir töfluát. Hann segist hafa átt greiða leið úr bílnum sem hafi verið ólæstur. Hann segir það aldrei hafa komið til tals hjá þeim ákærða að ræna leigubílstjóra.

B hefur komið fyrir dóm sagt frá því að hann hafi hitt ákærða og A 2-3 dögum fyrir þennan atburð. Hafi þá komið til tals að ræna einhvern leigubílstjóra

en vitnið kveðst hafa verið því andvígur og þá hafi ákærði orðið því afhuga. Þá hafi ákærði einnig verið búinn að tala um að stinga af án þess að greiða leigugjald fyrir akstur. Hann kveður ákærða hafa sagt sér eftir atburðinn á spjallrás á netinu að hann hefði ekki nennt því að stinga leigubílstjóran af og því hefði hann barið hann. Ákærði hafi verið uppdópaður af „rivotril“-áti á þessum tíma.

Ásmundur Örn Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt frá því að hann hafi handtekið ákærða á heimili sínu um morguninn og hann þá verið í mjög annarlegu ástandi.

Eggert Magnússon lögreglumaður, sem kom á vettvang, segir bílstjóran hafa verið vankaðan eftir höggið. Hann minnir að bílstjórinn hafi talað um einhverjar hótanir og að þær hafi verið út af leigugjaldinu. Ekki muni hann hvort maðurinn hafi talað um rán í þessu sambandi.

Garðar Guðmundsson, heila- og taugaskurðlæknir, sem gerði að áverkanum á Birni Sveinssyni, hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því að áverkinn hafi verið yfir fremri hluta heilans, hægra megin. Sé sá staður viðkvæmur fyrir krömpum, enda hafi Björn fengið tvo mjög slæma krampa meðan hann var á slysadeildinni þar sem heilinn hafi legið undir mikilli ertingu sem hafi þurft að aflétta sem fyrst. Hafi því þurft að framkvæma bráðaðgerð á honum, enda geti menn dáíð af því að fá krampa. Þá hafi verið lítilsháttar blæðing til staðar. Þá sé höfuðáverki af þessu tagi almennt lífshættulegur. Við myndatöku 4. maí hafi komið í ljós að undir sárinu hafði orðið lítilsháttar vefjaskaði á heilanum, eins og búast mátti við, enda hafi þetta verið mikill áverki. Ekki komi á óvart þótt Björn finni til minnisskerðingar enda séu minnis-stöðvar heilans undir þessum stað. Vefjaskemmdin í heilanum sé varanleg. Þá geti leitt af henni flogaveiki en á það reyni yfirleitt ekki fyrr en um 12 mánuðum eftir áverkann. Staðsetning áverkans á Birni auki líkurnar á því og séu líkurnar í þessu tilviki um 30%. Hann segir brotið á höfuðkúpunni hafa verið eins og far eftir hamarshausinn og hafi þurft mikið högg til þess að valda slíkum áverka.

Þórður Geir Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður, sem yfirheyrði ákærða og A 27. apríl sl. hefur skýrt frá því að ákærði hafi virst vera hæfur til þess að gefa skýrslu í umrætt sinn. Hann hafi verið í annarlegu ástandi um morguninn þegar hann var handtekinn en af honum runnið þegar hann var yfirheyrður. Hafi verjandi hans og fulltrúi barnaverndarnefndar enda ekki gert athugasemdir við að það væri gert. Þá hafi A virst vera í góðu ástandi þegar hann var yfirheyrður. Hafi frásögn hans verið skýr og greinargóð og heildstæð.

Niðurstaða

Sem fyrr segir viðurkennir ákærði að hafa ráðist á Björn Sveinsson, leigubíl-stjóra og barið hann tvö högg í höfuðið með hamri svo að af hlutust þeir áverkar sem lýst er í ákærinni og gögnum málsins. Telst þetta vera sannað í málinu.

Ákærði neitar því að hafa ætlað að ræna leigubílstjóran og neitar því að hafa krafið hann um peninga. Þá neitar hann því að hafa talað um það að ræna leigubíl-stjóra við þá A og B. A bar það hjá lögreglu að áður en þeir fóru í

bílferðina hefði ákærði verið búinn að tala um það að ræna allt og alla og verið mjög ör og æstur eftir að hafa tekið inn um 10 töflur af lyfinu rivotril. Þá bar þeim A og B saman um það hjá lögreglu, að nokkrum dögum fyrir atburðinn hefði ákærði talað um að ræna leigubíl-stjóra. Þetta hefur B staðfest fyrir dómi en A hefur hins vegar sagt að þetta sé ekki rétt. Hefur hann sagst hafa verið ruglaður af töfluáti þegar hann gaf skýrsluna, sem þó sé rétt eftir honum höfð. Lögreglumaður sá sem yfirheyrði A hefur hins vegar borið fyrir dómi að hann hafi verið vel á sig kominn þegar hann gaf skýrsluna. Skýring vitnisins á þessum breytta framburði þykir ekki vera trúverðug og ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þess að ekki hafi verið rétt staðið að því að yfirheyra vitnið. Þykir mega hafna þessum breytta framburði og telja sannað með skýrslum þessara vitna, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi verið í ránshugleiðingum dagana fyrir atburðinn fram að því að þeir A fóru í bílferðina. Björn Sveinsson hefur sagt að ákærði hafi krafist hann um peninga eftir að hann barði hann með hamrinum og hið sama bar A hjá lögreglu. Hann hefur hins vegar dregið úr því fyrir dómi og sagt að hann muni þetta ekki og ber við vímurugli eins og fyrr er sagt. Þykir dómnum þetta fráhrarvitnisins heldur ekki trúverðugt. Ber að hafna því með sömu rökum og gert var hér að framan. Telst því vera sannað með skýrslum þessara vitna, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi krafist Björn um peninga eftir hamarshöggin. Loks liggur það fyrir að ákærði hafði tekið með sér klaufhamarinn í bílferðina og að hann beitti honum á Björn um leið og billinn hafði numið staðar. Þykir vera sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ráðist á Björn í því skyni að ræna hann peningum.

Árás ákærða var stórhættuleg, hefði hæglega getað leitt til bana. Hefur ákærði orðið sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 252., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði, sem er 15 ára gamall, hefur þegar hlotið þrjá refsisdóma, tvo skilorðsdóma í maí og júní á þessu ári og enn fremur 20 mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm í síðasta mánuði. Refsingu hans ber að tiltaka sem hegningarauka við þessa dóma sem nú dæmast upp og þykir refsingin, með vísan til þess hve brot ákærða er stórfellt, en einnig til þess hversu ungur hann er, vera hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ½ ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist sem ákærði hefur sætt frá 27. apríl sl., 111 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða málsvarnarlaun til verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hdl., 550.000 krónur, sem dæmast með virðisaukaskatti. Ekki er kunnugt um annan kostnað af málinu.

DÓMSORÐ:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 2 ½ ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði hefur sætt frá 27. apríl sl., 111 daga.

Ákærði greiði málsvarnarlaun til verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar
hdl., 550.000 krónur.

Pétur Guðgeirsson